

Fundur með sveitarstjórnarmönnum í Austur Húnavatnssýslu

Fundur var haldinn á vegum Héraðsnefndar Austur Húnavetninga fyrir sveitarstjórnarmenn í sýslunni í Félagsheimilinu Blönduósi mánudaginn 9. október 2006 kl. 13:00. Á fundinn voru mætt: Valgarður Hilmarsson, Héðinn Sigurðsson, Valgerður Gísladóttir, Magnús B. Jónsson, Birna Sveinsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir, Valdimar Guðmannsson, Nína Margrét Pálmadóttir, Tryggvi Jónsson, Jens Pétur Jensen, Björn Magnússon Rafn Sigurbjörnsson, Adolf H. Berndsen og Jóna Fanney Friðriksdóttir. Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Magnús B. Jónsson ritaði fundargerð.

Á fundinn voru mætt frá HSB: Valbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri, Ómar Ragnarsson, yfirlæknir og Sveinfríður Sigurpálsdóttir, hjúkrunarforstjóri.

Dagskrá:

- 1 Kynning á stöðu og starfsemi HSB
- 2 Umræður

1. Kynning á stöðu og starfsemi HSB

Valbjörn Steingrímsson framkvæmdastjóri HSB gerði grein fyrir rekstri HSB. Í máli hans kom m.a. fram að starfsemin byggist á hefðbundinni heilsugæslustöð á Blönduósi með útibú á Skagströnd en einnig rekstri sjúkradeildar og hjúkrunarheimilis á Blönduósi þar sem eru 4 bráðarými og 32 hjúkrunarrými en einnig séu 10 dvalardeildarrými. Auk þessa veiti HSB ýmisa sérfræðipjónustu. Valbjörn gerði grein fyrir stöðu og horfum í rekstur og fyrirkomulagi heilbrigðisstofnana almennt og fór yfir rekstur HSB í því ljósi og kynnti helstu starfsemistölur stofnunarinnar. Í máli hans kom m.a. fram að í fjárlögum 2005 var gerð krafa um 4% hagræðingu eða um 12 milljónir króna. Hann benti á til samanburðar að fjárveitingar 2003 hafi verið 316 milljónir kr. en fyrir árið í ár sé gert ráð fyrir 320 milljónum. Framreiknað frá 2003 væru 316 milljónir orðnar 377 milljónir kr. m.v. launavísitölu. Þá kom fram að á fyrstu 6 mánuðum ársins hafi verið 10 milljóna kr. halli sem sé jafn mikið og allt árið 2005 þessi aukni halli helgist fyrst og fremst af verðbólgu og launahækkunum.

2. Umræður

Fundarmenn ræddu þær upplýsingar sem fram komu í máli Valbjörns og stöðu heilbrigðisstofnunarinnar almennt. Til máls tóku: Jóna Fanney Friðriksdóttir, Ómar Ragnarsson, Sveinfríður Sigurpálsdóttir, Adolf H. Berndsen, Valgarður Hilmarsson, Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Jens Pétur Jensen og Valbjörn Steingrímsson

Niðurstaða umræðunnar var að fela hérðasráði og framkvæmdastjórn HSB að koma saman og móta hugmyndir um hvernig verði best barist fyrir hagsmunum stofnunarinnar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 14:35.

Magnús B. Jónsson, fundarritari

Valgarður Hilmarsson, fundarstjóri.